

Um val nauta á nautastöð

Einn veigamesti þátturinn í kynbótastarfi naut-griparæktarinnar er val nauta á nautastöð og miklu skiptir fyrir kynbótaframfarir hvernig tekst til við þetta val. Segja má að fyrsta skrefið í vali hvers nauts sé valið á móður þess og við hvaða naut hún er þöruð. Á skrá yfir nautsmæður eru kýr sem uppfylla ákveðin skilyrði m.t.t. kynbótamats, afurða og útlits. Ef um er að ræða efnilegar kvígur er að sjálfsgöðu einkum horft til kynbótamatsins því ekki liggja fyrir upplýsingar um afurðir. Þegar kemur að þörun þessara gripa er mikilvægt að horfa til kosta og galla og velja naut sem bætir við kostina og vegur upp gallana sé þess kostur. Sjálfsgagt er að notfæra sér töl og tæki eins og þörunaráætlanir til aðstoðar en þannig næst betri yfirsýn yfir verkefnið.

Nautsmæður og efnilegar kvígur sem eru flaggaðar í Huppu eru „bestu“ gripir stofnsins hverju sinni og óskað er eftir því að þær séu sæddar með venjulegu sæði þar sem nokkurn veginn helmingslíkur eru á að naut fæðist. Höfum í huga að það eru þá einnig um helmingslíkur á að kálfurinn verði kvíga. Ef og þegar nautkálfur fæðist undan kú eða kvígu með flagg í Huppu er óskað eftir að fá tilkynningu um slíkt með það í huga að taka nautkálfinn á stöð. Ferillinn er sá að þá er t.d. skoðað hvort gripurinn stenst lágmarkskröfur, hvernig frammistaða móður hefur verið og að líkur á góðu erfðamati séu meiri en minni. Ef svo er talið vera er óskað eftir að tekið sé sýni úr nautkálfinum, hann merktur með DNA-merki (sem margir kalla kvígumerki) og sýnið sent. Til þess að freista þess að stytta þann tíma sem tekur að fá niðurstöðu er mikilvægt að nautkálfasýni séu sett í nautkálfapoka eða annan poka sem er merktur sem forgangssýni. Þá er sýnið tekið í greiningu um leið og það berst rannsóknastofunni en lendir ekki í biðröð. Nú kunna menn að spyrja hvað sé nautkálfapoki og svarið er að það eru forprentaðir poka merktir nautkálfur og til þess ætlaðir að senda sýni úr kálfum sem verið er að skoða fyrir nautastöðina. Þessa poka er hægt að fá hjá RML og/eða frjótæknum.

Þegar niðurstöður arfgerðargreiningar liggja fyrir er keyrt foreldrapróf og kannað hvort ætterni sé rétt. Að loknu foreldraprófi er keyrt erfðamat (kynbótamat) en vinnsla þess tekur 3–4 daga.

Að keyrslu kynbótamats lokinni vegur og metur fagrað í nautgriparækt þá kálfa sem koma til greina. Þar er einkum og sér í lagi horft til heildareinkunnar gripsins en hún byggir á hagrænu vægi eiginleikanna sem að baki liggja. Við valið er einnig horft til annarra eiginleika og þá verulega hvort einhverjir mikilvægir eiginleikar sýni mikið og neikvætt frávík. Þar getur



Guðmundur Jóhannesson.



verið um að ræða lág efnahlutföll, slaka júgurgerð, litla hæð eða galla í spenagerð eins og mjög granna spena eða gleitt setta svo dæmi séu tekin. Aðrir þættir sem einnig er horft til eru t.d. þættir eins og fjöldi hálfbræðra, þ.e. skyldleiki við stofninn.

Þeir gripir sem standast allar kröfur eru svo skoðaðir af ráðunautum RML áður en endanlega ákvörðun er tekin um kaup á nautastöð. Þar er verið að skoða hvort gripurinn sé rétt skapaður, sé kollóttur, með eðlilega spena og án millispena auk þess sem tvö eðlileg eistu er algjört skilyrði til þess að hljóta þann stimpil að vera kynbótanaut.

Árlega er tilkynnt um 300–400 nautkálfa en af þeim eru einungis keyptir nálægt 25 talsins. Úrvalið er því mjög stíft. Því fleiri álitlegum kálfum sem hægt er að velja úr því betri verða þeir sem valdir eru. Það liggur í hlutarins eðli að það er t.d. meiri úrvalsstyrkur að velja 10 bestu af 100 en 50 því þá er einungis betri helmingurnn valinn.

Af þessu má sjá að það liggja mörg skref að baki vali hvers nauts á nautastöðina og allt tekur þetta tíma. Eftir að kálfur fæðist er tekið sýni og komist það fljótt og vel til greiningar má ætla að arfgerðargreining liggja fyrir innan tveggja vikna. Því næst þarf að keyra foreldrapróf, erfðamat og taka saman niðurstöður. Það verður því að reikna með að ferillinn taki a.m.k. 4 vikur.

Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML.

Land og skógur



Birkikembulífur í laufi.

Mynd / Brynja Hrafnkelsdóttir

Sjálfbær landnýting fyrir líffræðilega fjölbreytni

Árið 1992 samþykktu ríki heims samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni á heimsráðstefnu í Rio de Janeiro. Ísland var meðal þeirra ríkja sem undirrituðu samninginn, sem kveður á um að hvert ríki móti stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Fyrsta slík stefna var samþykkt hér á landi árið 2008 og nú, rúmum tveimur áratugum síðar, hafa stjórnvöld gefið út nýja stefnu til ársins 2030. Tilfærni er brýnt: líffræðilegri fjölbreytni er að hnigna, bæði á heimsvísu og hér á Íslandi.

En hvað felst eiginlega í hugtakinu líffræðileg fjölbreytni? Hún snýst ekki aðeins um fjölda tegunda, heldur einnig um breytileika innan tegunda, erfðafni þeirra og þau vistkerfi sem lífverurnar mynda saman. Í handfylli af mold má finna þúsundir lífvera og jafnvel á litlu landsvæði, eins og sumarbústaðarlandi, getur fjölbreytnin verið mikil: graslendi, mólendi, birkikjarr eða lítill mýri – hvert búsvæði með sitt lífríki.

Þessi fjölbreytni er undirstaða starfhæfra vistkerfa og þeirra gæða sem þau veita okkur: fæðu, hreins vatns, frjósams jarðvegs og jafnvel aðlögun að loftslagsbreytingum. Því meiri fjölbreytni sem er til staðar, því líklegri er að vistkerfi þoli áföll, hvort sem þau stafa af veðuröfgum, sjúkdómum eða breytingum á umhverfi.

Ísland er ungt land í líffræðilegu samhengi. Einangrun, eldvirkni og jöklar hafa mótað fjölbreytt búsvæði, en tiltölulega fáar tegundir. Þess vegna skiptir breytileiki innan tegunda hér sérstök máli. Nýlegt dæmi um mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni hérlandis er þegar birkikemba, nýr landnemi á Íslandi, fór að valda skaða á birki. Í skógrækt er hægt að velja birkistofna sem þola skaðvaldinn betur og birkiskógar með meiri erfðafjölbreytni eru líklegri til að standast álagið, þar sem innan um eru arfgerðir sem skaðast lítið eða ekki.

Því miður blasir við að líffræðileg fjölbreytni er víða



Bryndís Marteinsdóttir höfundur.

í hnignun. Orsakirnar eru að stórum hluta manngerðar: ósjálfbær landnýting, eyðing búsvæða, mengun, ágengar framandi tegundir og loftslagsbreytingar. Öpörf framræsla mýra hefur dregið úr búsvæðum votlendisfugla, jarðvegseyðing hefur haft áhrif á gróður og hlýnun sjávar hefur bitnað á fuglastofnum eins og lunda. Þetta eru ekki fjarlæg vandamál. Þau snerta landbúnað, byggðir og afkomu fólks.

Ný stefna stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni til 2030 leggur áherslu á að snúa þessari þróun við. Hún kallar eftir vernd og endurheimt vistkerfa, sjálfbærri nýtingu lands og því að náttúruvernd og loftslagsaðgerðir fari saman.

Hlutverk Lands og skógar er einmitt að vinna að þessum markmiðum. Við styðjum við sjálfbæra landnýtingu þar sem vernd, endurheimt og nýting lands fara saman og stuðlum þannig að vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þar skiptir samstarf við bændur og landeigendur lykilmáli, enda byggist árangur á sameiginlegri ábyrgð og þekkingu á landi og landslagi.

Líffræðileg fjölbreytni er grunnur velsældar, matvæla-öryggis og framtíðar samfélagsins. Ný stefna um verndun líffræðilegrar fjölbreytni til 2030 er mikilvægt skref, en árangurinn ræðst af því hvernig við, – stjórnvöld, sveitarfélög, bændur og almenningur, – tökum ábyrgð og fylgjum henni eftir í verki.

Höfundur er sviðsstjóri hjá Landi og skógi.

VARAHLUTIR Í KERRUR



Sími 517 5000
Vagnhöfða 7, 110 Rvk.
stalogsansar.is

Bílabúðin Stál og stansar

